

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð fyrir talnagetraunir Íslenskrar getspár,
nr. 86, 24. febrúar 1993.

1. gr.

5. grein, liður 5.6, orðist svo:

Dátttakendur hljóta eingöngu vinning í samræmi við hæsta fjölda talna í hverri röð, þ.e. sá sem hlýtur vinning samkvæmt a) lið, hlýtur ekki vinning samkvæmt öðrum liðum, o.s.frv.

Vinningar skulu færðir niður í næsta heilan tug króna. Mismunur sem myndast með því skal yfirfærður til 1. vinnings einu sinni til tvisvar á ári, eftir nánari ákvörðun stjórnar.

Stjórn Íslenskrar getspár er heimilt að leggja viðbótarfé frá fyrirtækinu til 1. vinnings í báðum leikjunum við sérstök tækifæri samkvæmt reglum sem dómsmálaráðuneytið samþykkir.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum um talnargetraunir nr. 26, 2. maí 1986, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 16. september 1994.

F. h. r.

Þorsteinn Geirsson.

Jón Thors.